

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Tillaga - breytt fyrirkomulag samræmdrar móttöku

Dags: 17. nóvember 2024

Málsnúmer: 202208758/10.14

Sendandi: Sigurbjörg Fjölnisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að frá og með áramótum verði undirritaður samningur um samræmda móttöku vegna 40 einstaklinga og að sá samningur muni gilda í sex mánuði. Að þeim tíma liðnum muni sveitarfélagið áfram taka á móti þeim erlendu ríkisborgurum sem hingað flytja og veita þeim grunnþjónustu. Tillagan er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2025.

Greinargerð:

Á 1571. fundi bæjarráðs þann 9. mars 2023 var bærstjóra falið að undirrita samning um samræmda móttöku flóttafólks. Gildistími samningsins var til 31. desember 2023 þar sem sveitarfélagið skuldbatt sig til að taka á móti allt að 80 einstaklingum í samræmdri móttöku. Á 1615. fundi bæjarráðs þann 29. febrúar sl. var samþykkt að framlengja samkomulag aðilanna, með óbreyttum fjölda einstaklinga, um sex mánuði eða til júniloka 2024. Þann 30. maí sl., á 1627. fundi bæjarráðs, samþykkti bæjarráð áframhaldandi framlengingu samningsins til ársloka 2024, en fækka einstaklingum í samningnum niður í 60 einstaklinga, í ljósi bæði erfiðleika við öflunar húsnæðis fyrir einstaklingana en einnig vegna fækkunar flóttafólks til landsins. Verkefnastjóri samræmdrar móttöku hefur verið starfandi frá 1. júní 2023. Til þess að laun verkefnastjóra séu að fullu greidd í gegnum samning samræmdrar móttöku þarf sveitarfélagið að hafa í gildi samning um 60-80 einstaklinga á hverjum tímapunkti.

Frá því að Mosfellsbær ákvað að taka þátt í samræmdri móttöku hefur fjöldi einstaklinga sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi minnkað verulega, frá 4.200 á árinu 2023 í tæplega 1.700 það sem af er þessu ári. Á þessum tímapunkti eru rétt um 60 einstaklingar í samræmdri móttöku hjá Mosfellsbæ. Þrátt fyrir fækkun umsókna um alþjóðlega vernd má gera ráð fyrir því að Mosfellsbæ muni berast nýjar tilvísanir á sama tíma og einstaklingar útskrifast úr móttökunni.

Stærsta áskorun Mosfellsbæjar í samræmdri móttöku hefur verið, eins og áður hefur verið kynnt bæjarráði, skortur á nægjanlegu framboði af viðeigandi húsnæði fyrir þá sem fá tilvísun til Mosfellsbæjar. Með því að fækka einstaklingum í samræmdri móttöku frá áramótum er hægt að tryggja betur þjónustu við þá einstaklinga sem eru nú þegar komnir til Mosfellsbæjar.

Er því hér með lagt til að frá og með áramótum verði undirritaður samningur um samræmda móttöku vegna 40 einstaklinga og að sá samningur muni gilda í sex mánuði. Er þetta í samræmi við samþykkt bæjarráðs frá 1627. fundi ráðsins 30. maí sl., um að endurmeta fjölda einstaklinga í samningi frá 1. janúar og að gera tímabundinn samning til 30. júní 2025. Í fjárhagsáætlun ársins 2025 er áætlað fyrir 40 einstaklingum í móttökunni til og með 30. júní nk. Það skal tekið fram að þó svo að ekki sé í gildi samningur um samræmda móttöku mun Mosfellsbær þrátt fyrir það taka á móti þeim einstaklingum sem hingað flytja og veita þeim lögbundna grunnþjónustu.

Virðingarfyllt,

Sigurbjörg Fjölnisdóttir



Mosfellsbær